

Íslenska - 9. bekkur - 2025-2026

Kennarar: Anna Þyrí Hálfðanardóttir; Jóhanna Sigmundsdóttir; Ómar Örn Magnússon; Sigríður Nanna Heimisdóttir; Sigrún Líf Gunnarsdóttir

9

Lýsing

Námsgreinin er kennd 4 klukkustundir á viku. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil

Veturinn 2025 - 2026

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Markmið náms í íslensku er að gera nemendur að öflugri málnotendum, sem þekkja móðurmálið sitt og geta beitt því af öryggi. Náms- og matsþættir í íslensku eru; 1) Talað mál hlustun og áhorf, 2) Lestur, 3) Bókmenntir, 4) Ritun, 5) Mál og málnotkun og 6) Vinnulag.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Gunnlaugs saga ormstungu
- Neistar
- Málfræðihefti
- Með fjaðrabliki
- Smásagnasmáræði
- Sölvasaga
- Ljóðahefti
- Ítarefni og nánari leiðbeiningar eru á Google Classroom

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Vinnulag er hluti af námsmati. Nemendur fá matskvarða áður en hafist er handa við verkefni þar sem fram koma viðmið um vinnulag.

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Ágúst/september

Nemendur velja kjörbók og byrja að lesa í lesstund

Gunnlaugs saga ormstungu - vinnubók unnin samhliða lestrinum

Upprifjun í málfræði: Fallorð, óbeygjanleg orð og sagnorð - málfræðihefti

Námsmat: Krossapróf ★, vinnubók ★★, munnlegt próf★★, ritun★

Október/nóvember

Nemendur lesa smásögur og vinna verkefni samhliða - *Smásagnasmáræði*

Stafsetning - óundirbúin stafsetningaræfing

Ritun - ýmis verkefni og æfingar

Námsmat: Óundirbúin stafsetningaræfing ★, ritunarverkefni úr *Smásagnasmáræði* ★★

Nóvember/desember

Framsögn - ýmsar æfingar, nemendur kynna sér íslenska menningu og kynna fyrir hópnum

Kvikmynd - íslensk kvikmynd og kvikmyndagagnrýni

Gagnvirkur lestur

Stafsetning - undirbúin stafsetningaræfing

Námsmat: Framsögn - íslensk menning ★★, kvikmyndagagnrýni ★★, stafsetning ★, lesskilningspróf ★★, lesstund★

Eftir áramót

Sölvasaga

Ljóðahefti

Málfræði - sagnorð

Framsögn

Ritun

Ræðukeppni

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat í íslensku tekur á mörgum þáttum. Verkefni eru fjölbreytt; m.a. ritgerðir, vinnubækur, próf, kynningar, myndbönd og skapandi skrif. Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í sex námsþáttum. Þegar verkefni eru metin eru hæfniviðmiðin höfð til hliðsjónar en fyrir hvert verkefni er gefið námsmat í bókstöfum. Nemendur fá matskvarða með flestum verkefnum sem lýsir því hvernig þau eru metin. Verkefni sem hafa mikið vægi eru merkt með ★★, þau sem hafa miðlungsvægi með ★★ og þau sem hafa minnst vægi með ★. Hafa skal í huga að öll verkefni eru mikilvæg.

Vinnulag er hluti af námsmati í íslensku og er nánar tilgreint á matsrömmum fyrir hvert verkefni og vinnu nemenda í heild sinni.

Sumum verkefnum á að skila á Google Classroom og þar verða einnig leiðbeiningar og ítarefni. Heimavinna, námsmat og önnur verkefnaskil verða skráð jafnóðum á Mentor. Tilkynnt er um verkefnaskil, próf og ritgerðir með a.m.k. viku fyrirvara. Nemandi sem ekki nær að skila verkefni sem er hluti af námsmati á tilsettum tíma eða er ekki í skólanum þegar próf eru lögð fyrir þarf að gera ráðstafanir og ræða við kennarann um sjúkrapróf eða frest á verkefni. Sé því ekki sinnt hefur það áhrif á námsmat. Sjá upplýsingar um einstök verkefni sem metin eru og skiladaga undir Verkefni.

Hag - 9. bekkur - íslenska - Talað mál, hlustun og áhorf

- Flutt mál sitt af öryggi með blæbrigðum. Skýr og áheyrileg rödd. Gerir sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar.
- Gert sér grein fyrir eðli framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli.
- Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.
- Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar, rökstutt þær.
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að málfari, virkri hlustun og kurteisi.

Hag - 9. bekkur - íslenska - Lestur og bókmenntir

- Lesið almenna texta af öryggi og með skilningi, lagt mat á þá og túlkað.
- Gert sér grein fyrir eðli margvíslegra textategunda. Gert öðrum grein fyrir áhrifum texta og einkennum þeirra.
- Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið og túlkað alls kyns ljóð.
- Valið sér lesefni til gagns og ánægju. Gert sér grein fyrir gildi þess að lesa.
- Skilið mikilvægi þess að geta lesið og efld eigið læsi og beitt nokkrum aðferðum við lestur.
- Lesið, túlkað og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi þeirra.
- Leitað og aflað sér ýmissa heimilda. Lagt mat á gildi og trúverðugleika ólíkra texta og tekið gagnrýna afstöðu til þess.
- Geta greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í texta. Geti glöggvað sig á tengslum efnisatriða.
- Beitt helstu grunnhugtökum í bókmenntafræði við lestur og greiningu bókmenntatexta.
- Lesið úr myndrænum og tölulegum upplýsingum, túlkað þær og nýtt sér.

Hag - 9. bekkur - íslenska - Ritun

Við lok bekkjar getur nemandi:

- Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu. Notað orðabækur og önnur hjálpargögn. Gengið frá texta, vísað til heimilda í texta og gert heimildaskrá.

- Beitt reglum um réttritun og greinarmerki og nýtt sér þær í allri ritun.
- Valið textategund og beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun. Mótað málsgreinar og efnisgreinar. Raðað efnisgreinum í rökrétt samhengi.
- Lesið mismunandi texta, skoðað þá og nýtt sér sem fyrirmynd í eigin ritun. Beitt fjölbreyttum orðaforða sem hæfir efninu.
- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim. Samið skapandi texta sem ber vitni um góðan orðaforða.
- Skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á og gert sér grein fyrir lesanda.

Hag - 9. bekkur - íslenska - Málfræði

- Beitt helstu málfræðihugtökum og nýtt skilning sinn á þeim til að bæta málfar sitt.
- Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta.
- Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál þróist.
- Nýtt sér málfræðikunnáttu sína til að velja orð við hæfi og auðga orðaforða sinn í töluðu og rituðu máli.
- Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt.
- Áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. í töluðu og rituðu máli og við nýyrðasmíð.
- Flett upp í orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér upplýsingar sem þar er að finna.
- Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni. Áttar sig á aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun.
- Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.

Stærðfræði - 9. bekkur 2025-2026

Kennarar: Hanna Þorgerður Vilhjálmsdóttir; Ómar Örn Magnússon;
Sigríður Björnsdóttir; Sigríður Hafstað; Sigríður Nanna Heimisdóttir

9

Lýsing

Stærðfræði er kennd 4 klukkustundir á viku. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður.

Náms- og matsþættir í stærðfræði eru: tölur og reikningur; algebra; tölfræði og líkindi; rúmfræði og mælingar; og vinnulag stærðfræðinnar.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Ýmist efni úr Skala 1-3
- Aðrar námsbækur
- Efni frá kennara

Við upphaf hverrar námslotu verður ýtarleg lýsing á lotunni á Classroom.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Þrautalausnir:

Nemendur vinna saman og tala um stærðfræðileg viðfangsefni. Þeir leysa þrautir og vinna samkvæmt hugmyndafræði „hugsandi kennslurýmis“. Lögð er áhersla á samvinnu og samræður og þar sem þeir uppgötva og nota fjölbreyttar lausnaleyðir.

Tölur og reikningur:

Farið verður í undirstöðuatriði í talnaskilning með áherslu á prósentur, mengi (talnamengi) og staðalform.

Hnitakerfi og beinar línur:

Hnitakerfið verður rifjað upp og farið í jöfnu beinnar línu.

Horn, þríhyrningar og mælieiningar:

Finna mismunandi hornastærðir í þríhyrningum og marghyrningum. Skoða eiginleika einstakra þríhyrninga og reglu Pýþagórasar. Farið í helstu mælieiningar og hvernig hægt er að breyta einni einingu í aðra í hinu alþjóðlega mælieiningakerfi.

Jöfnuhneppi:

Nemendur leysa jöfnuhneppi með mismunandi aðferðum. Þeir læra hvernig hægt er að túlka jöfnur í hnitakerfi og hvernig hægt er að nota teikningar í hnitakerfi til að leysa þær.

Tölfræði:

Farið verður í helstu hugtök tölfræðinnar og unnið með mismunandi myndrit.

Annars stigs jöfnur:

Nemendur læra að leysa annars stigs jöfnur með mismunandi aðferðum.

Forritun:**Tölfræði:**

Nemendur læra helstu hugtök tölfræðinnar og hvernig hægt er að setja fram upplýsingar á mismunandi hátt.

Forritun:

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Nemendur sýna hæfni og færni í tímum, t.d. við að reikna dæmi, ræða við samnemendur og kennara og við skil á verkefnum.

Lögð verða fyrir verkefni kölluð „Kannaðu eigin skilning“ þar sem nemendur athuga sjálfir hversu vel þeir ná utan um námsefni yfir ákveðið tímabil.

Nemendur skila vinnubók.

Próf, kannanir og önnur skilaverkefni verða lögð fyrir yfir veturinn.

2025_Stærðfræði fyrir 8.- 10. bekk - Vinnulag stærðfræðinnar

- Vinnur skipulega, einstaklingslega og í samvinnu, að því að rannsaka, setja fram, greina, túlka og meta stærðfræðileg viðfangsefni og líkön.
- Notar hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni.
- Nýtir fjölbreyttar reikniaðgerðir og stærðfræðilegt samhengi til að leysa þrautir og rökstyðja svör sín.

2025_Stærðfræði fyrir 8.- 10. bekk - Tölur og reikningur

- Útskýrir eiginleika talnamengja náttúrulegra talna, heilla talna, ræðra talna og rauntala.
- Reiknar með rauntölum og nýtir sér tengsl og samhengi reikniaðgerðanna við útreikninga.
- Reiknar með veldum og ferningsrótum í einföldum tilvikum.
- Nýtir sér námundun með viðeigandi nákvæmni í útreikningum.
- Útskýrir sambandið á milli almennra brota, tugabrota og prósentu og beitir þeim við rauntengd viðfangsefni.
- Notar tugakerfisrithátt og sýnir skilning á sätiskerfi við ritun staðalsforms tölu.

2025_Stærðfræði fyrir 8.- 10. bekk - Algebra

- Einfaldar algebrustæður og leysir jöfnur með einni óþekktri stærð.
- Finnur skurðpunkta við ása og útskýrir tengsl við þáttun og staðalform fyrir fyrsta og annars stigs margliður.
- Túlkar gröf beinna lína í hnitakerfi í rauntengdu samhengi, teiknar þau á blað og stafrænt og notar teikningarnar til að leysa jöfnur.
- Leysir saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð.

2025_Stærðfræði fyrir 8.- 10. bekk - Tölfræði og líkindi

- Notar tölfræðihugtök til að setja fram, lýsa, skýra og túlka gögn.
- Skipuleggur og framkvæmir tölfræðikannanir og dregur ályktanir af þeim.

2025_Stærðfræði fyrir 8.- 10. bekk - Rúmfræði og mælingar

- Útskýrir tengsl mælieininga metrakerfis og túlkar miðað við önnur kerfi.

- Beitir þekktum eiginleikum lína, þríhyrninga og annarra marghyrninga til að reikna hliðarlengdir og horn, reiknar og útskýrir tengsl milli grundvallareiginleika hrings, útskýrir og beitir reglu Pýþagórasar.

Enska - 9. bekkur 2025-2026

Kennarar: Eggert Arason

9

Lýsing

Skólaárið 2025-2026

Tímabil

Enska: Námsáætlun fyrir haust- og vorönn 2025-2026**9. bekkur:** 2 klukkustundir á viku**Kennari:** Eggert Arason

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Uppsetning náms:

Nám í ensku tekur mið af hæfni- og matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni og þreyta próf sem taka mið af hæfni- og matsviðmiðum námskránnar sem skiptast niður í: Frásögn, hlustun & áhorf, ritun, samskipti, lesskilning, menningarläsi og vinnulag. Í lok hverrar annar fer fram námsmat þar sem kennari tekur saman vinnu nemanda og gefur lokaeinkunn (A, B+, B, C+, C, D).

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Námsefni:

Námið fer að miklu leyti fram í gegnum Google Classroom, en að auki safna nemendur saman útprentuðum verkefnum og stílum í möppu (e. portfolio) sem skilað verður í lok annar (þar skiptir skipulag og ábyrgð á eigin námi miklu máli). Stuðst verður við vefsíður á borð við Commonlit, British Council og One Stop English. Kennarar verða einnig reglulega með glærukynningar á námsefni og verkefnum.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Kennsluaðferðir:

Kennsluaðferðir á borð við útlistunarkennslu, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir. Einnig hópvinnumbrögð og samvinnuverkefni. Námið er almennt verkefnamiðað, leiðsagnarnám er ávallt haft til hliðsjónar og áhersla lögð á stöðuga og innihaldsríka endurgjöf

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat:

Hvert og eitt verkefni og próf verður metið á skalanum A-D (A, B+, B, C+, C og D). Hvert og eitt verkefni mun hafa ákveðið gildi stiga og sömuleiðis hefur hver og einn bókstafur ákveðið gildi stiga. Í lok annar munu kennarar telja saman stig hvers og eins nemenda og gefa lokaeinkunn í bókstaf út frá eftirfarandi matsramma.

Viðmið um verkefnaskil:

Ætlast er til þess að nemendur skili öllum verkefnum og þreyti öll próf sem sett eru fyrir. Ólokin verkefni og próf hafa neikvæð áhrif á lokaeinkunn (nema í samræði við kennara). Hvert verkefni og próf hafa ákveðið gildi (stig) sem safnast saman yfir skólaárið, nemendur geta því séð hve mikið vægi hvert og eitt verkefni hefur.

Námskrá:

Time period	Study / subject	Assessment	Qualification criteria
Autumn	In-class Reading	Observation and assessment of &	Reading and Reading Comprehension

Spring		responses to reading	Analysis of main points: Gather information from a text, identify main points from secondary points, and use it in assignments. Non-fiction texts: Read non-fiction/informational texts from a variety of media for informational purposes; process, learn from, and respond to them. Literature: Read a variety of literature for your benefit and enjoyment; work with its content and become aware of the value of literature. Writing Retelling: Write clearly about material you have read, seen, or heard. Personal experience: Write about your opinions, feelings, experiences and knowledge using rich language. Creative writing: Write a text and play with the language, allowing creativity and imagination to flourish. Communication General communication: Deal with a variety of situations in general communication; express and receive information.
Autumn & Spring	In-class Writing	Observation and assessment of journaling, graphic notetaking, and other written projects.	Conversations: Participate in conversations about familiar topics and express your opinions. Key Competencies Flexibility: Work independently, in collaboration with others, and/or under guidance, taking into account what others think. Writing Text Structure: Organize your writing so it's clear and easy to follow, matching the content and purpose of the writing.
Autumn & Spring	In-Class Discussions & Teacher Interview	Observation of partner, group, and whole- class discussions. Teacher assessment	Diction: Use proper grammar, spelling, capitalization, and punctuation, high-level vocabulary, and appropriate conjunctions. Key Competencies Research Integrity: Use a variety of media in your search for knowledge; use the information in a responsible, creative and critical way. Reading Literature: Read a variety of literature for your benefit and enjoyment; work with its content and become aware of the value of literature.
Autumn & Spring	Writing Check-ups	Assessment of formal Google Form writing assignments	Key Competencies Processing: Show creative thinking and initiative in your process and your work. Use knowledge and skills, draw conclusions, dare to seek new solutions, and apply critical thinking and reasoning. Self-Awareness: Take responsibility for your own learning and evaluate your own process and performance. Key Competencies Expression: Express yourself in an organized manner about topics you are familiar with and respond to questions.
Autumn & Spring	At-Home Reading	Self-assessment and book reports	Presentation: Deliver a description or presentation on prepared material confidently and answer questions. Voice: Use the language with natural pronunciation, emphasis, and rhythm. Reading and Reading Comprehension Vocabulary: Read, understand, and work with a variety of vocabulary from various texts.
Autumn & Spring	Show & Tell	Teacher assessment of presentation	Listening and Watching Narratives and presentations: Understand the main points of presentations and narratives on a variety of topics; process and learn from them. Analysis of information: Listen for information, choose the relevant information, and process it.
Autumn	Grammar and Vocabulary Test	Teacher assessment of taught grammar and vocabulary	Communication Informal conversation: Participate in informal conversation by paraphrasing and using standard expressions from everyday language. Speaking and Presenting
Spring	English Excellence Experience	Assessment of final project	

Performance: Compose, rehearse, and perform your own material.

Cultural literacy

Diversity: Be aware of the diverse origins of the population in the relevant language area and the effects of prejudice.

2025_Enska við lok 3. stigs - Hlustun og áhorf

- Skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt.
- Fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt.
- Hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.

2025_Enska við lok 3. stigs - Lestur og lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu,
- Lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt.
- Lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.
- Lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,

2025_Enska við lok 3. stigs - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli.
- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum.
- Tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.

2025_Enska við lok 3. stigs - Frásögn

- Tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum.
- Beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.
- Flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum.
- Samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra.

2025_Enska við lok 3. stigs - Ritun

- Skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða.

- Sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi.
- Samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflið fá að njóta sín.
- Skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.

2025_Enska við lok 3. stigs - Menningarläsi

- Sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins.
- Gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma.
- Greint á milli helstu afbrigða tungumálsins.

Hag - 9. bekkur - Enska - Ritun

- Fylgir hefðum varðandi uppbyggingu texta.
- Tileinkað sér og nýtt viðeigandi orðaforða.
- Fylgir meginreglum málnotkunar.
- Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.

Hag - 9. bekkur - Enska - Hlustun

- Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.
- Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.

Hag - 9. bekkur - Enska - Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.

Hag - 9. bekkur - Enska

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.

- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

Hag - 9. bekkur - Enska - Frásögn

- Tjáð sig áheyrilega, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval.
- Tjáð sig skipulega með undirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
- Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Hag - 9. bekkur - Enska - Námsækni

- Unnið sjálfstætt, sýnt frumkvæði.
- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda.
- Unnið með öðrum, tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

Danska - 9. bekkur 2025-2026

Kennarar: Kirstine Hoejen Mygind; Kristín Ýr Lyngdal Sigurðardóttir;
Ómar Örn Magnússon

| 9

Lýsing

Kennt er 2x í viku 60mín í senn. Nemendur nota Chromebook tölvur í bland við önnur námsgögn.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Nám í dönsku miðast við hæfniviðmið Aðalnámskrá Grunnskóla, en þau eru hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti og menningarläsi. Viðfangsefni eru aðlöguð árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni frá 8. upp í 10. bekk. Unnið er jafnt og þétt með viðfangsefni hæfniviðmiðanna yfir önnina og þreyta nemendur margvísleg verkefni sem þjálfa þá hæfni.

Megináherslan er að byggja upp orðaforða og málnotkun nemenda í tungumálinu svo þeir séu færir um lesa texta, horfa á sjónvarpsefni og hlusta á kynningar á dönsku ásamt því að þekkja til menningarheims Danmerkur. Einnig undirbúum við nemendur til að tækla nám í dönsku í menntaskóla.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

SMIL- valdir kaflar

Fréttagreinar frá dönskum fjölmiðlum

"Klassen sæson 15" Sjónvarpsþættir á DR.dk

Jólaefni frá kennurum

Glærur og verkefnahefti í málfræði

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytni í kennsluháttum þar sem tekið er mið af mismunandi námsnálgun og stöðu nemenda. Unnið er jöfnum höndum með meginþætti tungumálsins; lestur, hlustun, talað mál og ritun. Nemendur eru þjálfaðir reglulega í að hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu. Málfræði verður samþætt lestri og ritun og verður lögð áhersla á upprifjun helstu orðflokka og einkenni þeirra. Töluvert er um hópaverkefni, myndbandagerð, frásagnarverkefni, leikir og lifandi kennsla. Nemendur kynnast dönsku samfélagi, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda og tónlistar.

Nokkur dæmi um kennsluaðferðir:

SMIL - kaflinn tøj og tilbehør (Menningarläsi og frásögn): Kennari kynnir orðaforða kaflans fyrir nemendum. Nemendur lesa textana sjálfstætt og vinna verkefni í vinnubók samhliða umræðum við kennara um innihaldið.

Forlystelsesparker - Nemendur gera hópaverkefni þar sem þeir kynna sér einn Forlystelsespark og halda kynningu fyrir hópinn um hann á dönsku.

Klassen - Sjónvarpsþættir á Dr.dk (Ritun) - Nemendur horfa á einn þátt í einu og skrifa í framhaldinu 2-4 setningar um hvern þátt á dönsku til að æfa sig í ritun. Kennari gefur í framhaldinu athugasemdir á ritunina sem nemendur laga.

Bíómynd (Hlustun) - Nemendur horfa á bíómyndina með aðstoð kennara að skilja innihaldið. Þeir skila svo hljóðupptöku þar sem þeir segja frá söguþræði, boðskapi, persónum, samtölum o.fl.

Scooter - skáldsaga frá Menntamálastofnun - Nemendur lesa bókina ýmist með kennara eða sjálfstætt og vinna verkefni samhliða. Gera svo lokaverkefni sem byggist á ritun.

Samræðuæfingar - nota dönsku í raunveruleikanum, t.d. á kaffihúsi, í bakaríi o.s.frv.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Nemendur eru metnir jafnt og þétt í gegnum allan veturinn. Námsmatið felst bæði í mati á námsferli nemenda, þ.e.a.s. hvernig nemendur vinna og hver framvindan er. En hún felst einnig í aðdönsku í raunlífinu nemendur fá einkunnir í formi bókstafa fyrir ákveðin verkefni og próf. Verkefni eru stjörnumerkt frá 1-3 stjörnum miðað við vægi þeirra. 1 stjarna verandi minnst vægi og 3 mest.

Nemendur fá framvindareinkunn í janúar í formi bókstafs og svo í lok vetrar (á vorönn) fá nemendur eina einkunn sem er byggð á allri vinnu vetrarins. Verður sú einkunn gefin í bókstöfunum A-D samkvæmt aðalnámsskrá.

2025_Danska við lok 2. stigs - Hlustun og áhorf

- Skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu
- Fylgt þræði í efni við hæfi á margvíslegum miðlum og nýtt í námi sínu.
- Hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu.

2025_Danska við lok 2. stigs - Lestur og lesskilningur

- Fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið og skilið auðlesið efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.
- Skilið megininntak rauntexa og unnið úr efni þeirra.
- Lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða.
- Lesið sér til gagns og ánægju einfaldar smásögu og skáldsögu og unnið með efni þeirra.

2025_Danska við lok 2. stigs - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu samtali um áhugamál sín og daglegt líf.
- Bjargað sér við algengar aðstæður og notað almennar kurteisis- og samskiptavenjur.
- Notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

2025_Danska við lok 2. stigs - Frásögn

- Tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum.
- Beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.
- Undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum.
- Flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra.

2025_Danska við lok 2. stigs - Ritun

- Skrifað texta af mismunandi gerðum með inntak og lesanda í huga.
- Lýst atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með.

- Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta.
- Samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
- Skrifað einfalda texta um það sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.

2025_Danska við lok 2. stigs - Menningarläsi

- Sýnt að hann þekkir til ýmissa þátta sem einkenna menningu og daglegt líf.
- Sett sig í spor fólks á viðkomandi málsvæði og gert sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt með hans eigin aðstæðum.
- Sýnt að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Sam/Nátt - 9. bekkur 2025-2026

Kennarar: Ásdís Lovísa Grétarsdóttir; Drífa Guðmundsdóttir; Elín Árnadóttir; Ómar Örn Magnússon; Sigríður Nanna Heimisdóttir

9

Tímabil

Skólaárið 2024-2025.

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Í náttúrufræði stuðlum við að þekkingu, virðingu og ábyrgðartilfinningu nemenda gagnvart náttúru, tækni, samfélagi og umhverfi. Þannig öðlast þeir þá hæfni sem til þarf til að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er varða tengsl fólks og náttúru.

Þetta er gert með bóklegunámi í bland við verklegar æfingar og vettvangsrannsóknir í nærumhverfi. Nám þeirra er metið með símati í anda leiðsagnarnáms.

Samfélagsgreinar eru grundvöllur þess að nemendur fái kennslu og þjálfun í sjálfsþekkingu, jafnrétti, þeim reglum og gildum sem eiga við í lýðræðislegu samfélagi og hvaða áhrif og ábyrgð hver einstaklingur getur haft á eigið líf og samfélagið sem hann býr í. Samfélagsgreinar fjalla um nemendurna sjálfa, sjálfsþekkingu og tengslamyndun, nemendurna sem hluta af samfélagi og menningu í víðu samhengi. Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu.

Samfélagsgreinar deila viðfangsefnum sínum, gildum og markmiðum með ýmsum öðrum námsgreinum og námssviðum.

Í 9.bekk er samþætting samfélagsgreina og náttúrugreina. Nemendur læra um mannslíkamann, sögu 20.aldar, eðlisfræði og landafræði.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Mannslíkaminn, Styrjaldir og kreppa, Eðlisfræði 1 og Um víða veröld: Heimsálfur.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Ágúst - október

Mannslíkaminn - Verkefni á googleclassroom. Við leggjum áherslu á nám við hæfi og geta nemendur því valið úr fjölbreyttum verkefnum í hverjum kafla. Nemendur vinna ýmist einstaklingsvinnu eða í hóp.

Námsmat: Verkefni 1.kafla - frumur ★, verkefni 2.kafla - melting og öndun ★★, verkefni 3.kafla - blóðrásin ★ Skýrsla- krufning líffæra ★verkefni 4.kafla - húð-, stoð- og hreyfikerfið ★, verkefni 5.kafla - taugakerfið ★ Kynning/sýning á líffæri ★★

Nóvember - janúar

Saga - Styrjaldir og kreppa, árin 1935- 1950. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða í hóp.

Námsmat: Fréttaveita ★, kennarinn ★ ★, rökræður ★ ★

Febrúar - apríl

Eðlisfræði 1 - Rafmagn, varmi og veður. Nemendur læra um rafmagn, massa, eðlismassa og rúmmál

Námsmat: Vinnubók ★★ Próf ★★

Maí - júní

Landafræði - Heimsálfur. Nemendur læra um fjölbreytni heimsálfanna, landslag og menningu.

Námsmat: Heimsreisuverkefni ★★

Allur veturinn - Vinnulag

Nemendur fá matskvarða áður en hafist er handa við verkefni þar sem fram koma viðmið um vinnulag.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat í sam/nátt tekur á mörgum þáttum. Verkefni eru fjölbreytt; m.a. vinnubækur, próf, kynningar og tilraunir. Þegar verkefni eru metin eru hæfniviðmiðin höfð til hliðsjónar en fyrir hvert verkefni er gefið námsmat í bókstöfum. Nemendur fá matskvarða með flestum verkefnum sem lýsir því hvernig verkefni eru metin. Verkefni sem hafa mikið vægi eru merkt með ★★, þau sem hafa miðlungsvægi með ★★ og þau sem hafa minnst vægi með ★. Hafa skal í huga að öll verkefni eru mikilvæg. Vinnulag er hluti af námsmati í sam/nátt og er nánar tilgreint á matsrömmum fyrir hvert verkefni og vinnu nemenda í heild sinni.

Verkefnum á að skila á Google Classroom og þar verða einnig leiðbeiningar og ítarefni. Námsmat og önnur verkefnaskil verða skráð jafnóðum á Mentor. Tilkynnt er um verkefnaskil og próf með a.m.k. viku fyrirvara. Nemandi sem ekki nær að skila verkefni sem er hluti af námsmati á tilsettum tíma eða er ekki í skólanum þegar próf eru lögð fyrir þarf að gera ráðstafanir og ræða við kennarann um sjúkrapróf eða frest á verkefni. Sé því ekki sinnt hefur það áhrif á námsmat. Sjá upplýsingar um einstök verkefni sem metin eru og skiladaga undir verkefni.

2025_Náttúrugreinar fyrir 8.- 10. bekk - Lífið

- Útskýrir gerð frumna, líffæri þeirra og starfsemi.
- Lýsir hlutverki og samspili helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans.
- Ræðir kynheilbrigði, kynvitund, ábyrga hegðun í kynlífi, mikilvægi þess að virða mörk, tilfinningar og tilgang getnaðarvarna.
- Útskýrir hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð, líkamlegu og andlegu heilbrigði með ábyrgri neyslu, hegðun og samskiptum.

2025_Náttúrugreinar fyrir 8.- 10. bekk - Orkan

- Útskýrir stöðurafmagn og tengsl rafmagns og segulmagns.
- Útskýrir einfaldar rafrásir.
- Útskýrt mismunandi varmaflutning og samspil varma og hitastigs.
- Mælir og reiknar eðlismassa efna og útskýrir muninn á massa og þyngd.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Vinnulag samfélagsgreina

- Geta útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina.
- Geta aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt.
- Geta miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Saga

- Geta sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburðum, tímabilum, tildrögum og gangi mannkynssögunnar.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Jörðin okkar

- Geta greint og borið saman ólíka menningarheima og samfélög, trúarbrögð, hefðir og siði, aðstæður og líf fólks.

Náttúrugreinar verklag fyrir 8.-10. bekk - Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.

Náttúrugreinar verklag fyrir 8.-10. bekk - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Metið gildi þess að upplýsingum um vísinda- og tækniþróun sé miðlað á skýran hátt.

- Unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni.
- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigsins.

Náttúrugreinar verklag fyrir 8.-10. bekk - Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt, við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.
- Dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn.
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.
- Gefið skýringar á og rökrætt valið efni úr athugunum og heimildum.

Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann

- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Greint hvernig stjórnmál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.
- Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.

Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.

Íþróttir - 9. bekkur - 2025-2026

Kennarar: Ómar Örn Magnússon; Sara Gylfadóttir; Sigríður Nanna
Heimisdóttir; Snær Jóhannsson; Þormóður Árni Egilsson

| 9

Lýsing

Með íþróttá- og sundkennslu er markmiðið m.a. að efla líkamsþroska nemenda með auknu þoli, krafti, hraða og liðleika. Markvisst íþróttá- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Með kennslunni er stuðlað að örvun grunnhreyfinga og samhæfingar líkamans á öllum sviðum.

Tímabil

Skólaárið 2025 - 2026

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Með íþróttá- og sundkennslu er markmiðið m.a. að efla líkamsþroska nemenda með auknu þoli, krafti, hraða og liðleika.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaráæfingar, (stöðvaþjálfun), áfangaðþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, þrautabrautir, hermíleikir, hópavinna, útskýringar, kannanir.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Fjórir þættir eru metnir:

- Þol KR- hlaup
- Styrkur Hliðarhopp / Stöðustyrkur
- Ábyrgð á eigin námi Ástundun / Hegðun / Virkni
- Sund Sundaðferðir / Langsund / Sprettisund / Kafsund / Björgunarsund / Ástundun

2025_Skólaíþróttir fyrir 8.-10. bekk - Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Geta gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol í íþróttum.
- Geta sýnt og framkvæmt styrkaræfingar sem bæta líkamsstöðu, kraftúthald og styrk bæði í kyrrstöðu og á hreyfingu.
- Geta tekið þátt í hópíþróttagreinum.

2025_Skólaíþróttir fyrir 8.-10. bekk - Félagslegir þættir

- Geta skilið mikilvægi gagnkvæmrar virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann.
- Geta farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik og hvatt til jákvæðrar framkomu við samherja og mótherja.
- Geta skilið mikilvægi góðrar ástundunar og sjálfsaga í tengslum við góðan árangur.
- Geta þekkt mismunandi tegundir leikreglna í hóp- og einstaklingsíþróttum.

2025_Skólaíþróttir fyrir 8.-10. bekk - Heilsa og heilsuefning

- Geta valið viðeigandi fatnað og nauðsynlegan búnað sem hæfir valinni útivist.

2025_Skólaíþróttir fyrir 8.-10. bekk - Sund

- Geta sýnt leikni í vatni og beitt fjölbreyttum sundaðferðum.

Upplýsingatækni - Stafræn Borgaravitund

Kennarar: Arnar Pétursson; Ómar Örn Magnússon; Sigríður Nanna Heimisdóttir

| 9

Lýsing

Á þessu námskeiði verður leitast við að skoða og ræða hvað felst í því að vera stafrænn borgari. Nemendur vinna með hugtakið og velta fyrir sér jafnt ávinning og áskoranir sem því fylgja að eyða stórum hluta ævinnar á alheimsvefnum.

Tímabil

Skólaárið 2025 - 2026

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Við lok tímabils getur nemandi:

Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu, notað sjálfstætt og í samvinnu með öðrum fjölbreytta miðla við skipulag, nýsköpun og þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda, sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda og verið meðvitaðurum siðferðileg gildi ábyrgðar netnotkunar og tekur ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Margvíslegt efni af internetinu, myndbönd og lesefni um málefnið og efni því tengt.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Kennlustundirnar eru tvískiptar. Fyrri hlutinn fer í fyrirlestra og fræðsluefni, en sá seinni í umræður, hugmyndavinnu og hópavinnu.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Unnið verður í hópum að margvíslegu forvarnar- og fræðsluefni um stafræna borgaravitund fyrir almenning. Nemendur fá að velja form við sitt hæfi og vinna saman við sköpun og framleiðslu.

2025_Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8.-10.bekk - Sköpun og miðlun

- Geta valið og nýtt hugbúnað við gerð og framsetningu fjölbreyttra og gagnvirkra kynninga.
- Geta valið og nýtt tæki og hugbúnað við vandaða ljósmyndun og kvikmyndagerð.
- Geta valið og nýtt tæki og hugbúnað við fjölbreyttar upptökur og hljóðvinnslu.

2025_Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8.-10.bekk - Stafræn borgaravitund

- Geta nýtt stafræna tækni til að auka vellíðan og bæta heilsu, fundið jafnvægi í notkun sinni og þekkt margvísleg einkenni og afleiðingar ofnotkunar tölvu og snjalltækja og útskýrt áhrif samfélagsmiðla á líf sitt.
- Geta þekkt helstu hættur í stafrænu umhverfi og varið sjálfan sig, búnað og gögn við ýmsum ógnunum á netinu og getur nýtt stafrænt umhverfi á uppbyggilegan hátt.
- Geta gert sér grein fyrir notkun persónuupplýsinga og metið tilgang hennar á gagnrýnninn hátt og beitt leiðum til að verjast söfnun persónuupplýsinga.
- Geta gert sér grein fyrir helstu siðareglum á netinu og skilið hvernig þær byggja á gagnkvæmri virðingu og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti, hatursorðræðu og stafrænum átökum.
- Geta gert sér grein fyrir stafrænu fótspori og hvenrig það mótast af allri nethegðun.

2025_Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8.-10.bekk - Lausnaleit

- Geta valið viðeigandi stafrænan stuðning markvisst við nám.